

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í samfélaginu, 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 38 – 38. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna

til þátttöku í samfélaginu.

150. löggjafarþing 2019-2020.

Þingskjal 38 – 38. mál.

Inngangur

Rauði krossinn fagnar þingsályktunartillögunni og telur hana mikilvægt skref til að fjölmening fái að þrífast í íslensku samfélagi. Félagið tekur undir það sem fram kemur í tillögunni, bæði þær áskoranir sem nefndar eru og mögulegar úrbætur. Rauði krossinn lætur sig aðstæður innflytjenda og flóttafólks varða og hefur áratugum saman gætt að hagsmunum þeirra. Fjölgun fólks af erlendum uppruna hefur verið mikil á síðustu árum og allt bendir til þess að sú fjölgun muni halda áfram á næstu árum ef marka má spár aðila vinnumarkaðarins. Ekki síður mun hamfarahlýnun verða til þess að auka á fjölda þeirra sem neyðast til að flýja sín upprunalönd og leita skjóls á nýjum stað. Sjónarmið mannúðar hvetja okkur til að taka vel á móti því fólki. Það má segja að íslenskt samfélag standi á nokkurs konar tímamótum hvað þessi mál varðar og aðgerðir núna eða aðgerðaleyfi muni hafa áhrif á það hvernig samfélagið mun þróast á næstu áratugum.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn fagnar allri viðleitni til að bæta fjölmenningsamfélagið sem hér er fyrir og tekur undir þörf á heildarstefnumótun sem horfir til allra sviða samfélagsins. Æskilegt er að slík stefna hvíli jafnframt á vel ígrundaðri framtíðarsýn til langs tíma sem stefnir að samfélagi jafnra tækifæra fyrir alla, þannig að ekki sé hætt á að hér mótist tvískipt samfélag, þar sem innflytjendur fylla lægstu lög samfélagsins og hafa litla möguleika á félagslegum hreyfanleika og að nýta til fulls menntun sína, færni og hæfileika. Samfélagið hefur einnig tæplega efni á að nýta ekki til fulls þann mannauð sem hér býr. Hugmyndastraumur vex ásmegin, sem vilja sporna við fólksflutningum til Evrópu og það sama á við hér á landi þó svo að á sama tíma kalli vinnumarkaðurinn eftir fleira fólki erlendis frá til að vinna þau margvíslegu störf sem innlent vinnuafli annar ekki. Því er mikil þörf á að hér fari fram meiri umræða á öllum sviðum samfélagsins og fræðsla til að vinna að farsælli þróun mála og tryggja til þess nauðsynlegt fjármagn og mannafla.

Í þingsályktunartillögum er vísað í rannsóknir og upplýsingar sem varpa ljósi á viðfangsefnið. Vísa mætti í fjölda rannsókna og úttekta til viðbótar, innlendra sem erlendra, sem fram hafa komið á síðustu árum og eftir að tillaga þessi var lögð fram í fyrri sinnið, sem staðfesta enn frekar hve viðfangsefnið er brýnt. Að auki má nefna að íslensk stjórnvöld samþykktu í lok síðasta árs yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um fólksflutninga annars vegar og um flóttafólk hins vegar. Markmiðið með fyrri samþykktinni er að bæta viðbrögð alþjóðasamfélagsins við vaxandi fólksflutningum m.a. á eftirfarandi hátt:

„... strives to create conducive conditions that enable all migrants to enrich our societies through their human, economic and social capacities, and thus facilitate their contributions to sustainable development at the local, national, regional and global levels.“ [1]

Einnig má nefna að unnið er að þriggja ára áætlun á vegum Sameinuðu þjóðanna um aukna aðstoð við flóttafólk og örugga för þess í skjól, og eitt þriggja meginmarkmiða hennar er:

“Promote Welcoming and Inclusive Societies. Initiatives promoting welcoming and inclusive societies are supported. Refugees are able to successfully integrate in their new societies.“ [2]

Nefna má að núverandi framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem Alþingi samþykkti fyrir árin 2016-2019 er komin að lokum og vinna mun vera hafin við nýja áætlun. Það mætti hugsa sér að setja sem framkvæmdaratriði inn í nýja áætlun að smíða ofangreinda stefnu, með sem víðtækustu samráði, ekki síst við innflytjendur sjálfa.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til að hitta velferðarnefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir og svara spurningum sé þess óskað.

[1] <https://refugeesmigrants.un.org/migration-compact>

[2] <https://www.unhcr.org/5d15db254.pdf>